

B. fundur

Kaplakrikahópurinn 21. sept. 2018

Mættir: Sveinn Reynisson formaður, Skarphéðinn Orri Björnsson, Ásmundur Ingvarsson, Viðar Halldórsson og Valdimar Svavarsson

Starfsmenn: Geir Bjarnason, Rósa Steingrímsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir og Helga Stefánsdóttir

Fjarverandi:

Gestur:

1. Sveinn Reynisson boðinn velkominn en hann er nýr formaður hópsins.
2. Fundargerð síðastu tveggja fundar skoðaðar og samþykktar.
 - a. Sigríður tilkynnti að fundargerðir verði opinberar eftir að þær hafa verið kynntar í bæjarráði hverju sinni líkt eins og fundargerðir annarra starfshópa Hafnarfjarðarbæjar.
 - b. Rætt um samninga og frágang verkefna hin síðari ár, Frjálsíþróttahús og miðasala auk lóðarframkvæmda en þar hefur bærinn kostað að öllu leiti framkvæmdir en FH tók þátt í að framkvæmda hluta þeirra verkefna.
 - c. Rætt um gagnageymslu og aðgengi að skjölum vegna málsins
3. Samningur frá 2015 lagður fram, þinglýst eignaskiptasamningur og þá var samningur líka gerður um að gera nýjan samning einnig þinglýst (Viðar sendir Sigríði afrit)
4. Lögð fram staðfesting frá framleiðanda um innágreiðslu fyrir nýtt knatthús í fullri stærð.
5. Lögð fram ný tímasett verkáætlun frá FH. Rætt um hvernig hægt er að meta framvindu verkefnisins og tengja við greiðslur Hafnarfjarðarbæjar. Kostnaðaráætlun vegna verkefnisins er opinber. Framvinda verksins er metin á um 200 milljónir í dag en á svæðinu eru framkvæmdir ekki hafnar. Lögð er fram staðfesting frá framleiðanda Skessunnar um framvindu framleiðslu hússins. Hópurinn telur að forsendur sú til staðar til að greiða kr. 70 millj. til FH vegna rammisamkomulags Rætt um fjárheimildir Hafnarfjarðarbæjar í ár sem eru 200 milljónir í tengslum við kostnaðaráætlun FH en þar er gert ráð fyrir að framkvæmt verði fyrir milli 400 og 500 milljónir í ár. Verkið er á eftir áætlun í dag. .
6. Byggingaleyfi er í vinnslu hjá slökkviliði og byggingarfulltrúa og klárast á næstu dögum og í kjölfarið hefjast jarðvinnuframkvæmdir.
7. Það þarf að liggja fyrir skýrari dagskrá fyrir hvern fund þar sem ljóst er hvaða mál þarf að afgreiða.
8. Verðmat þarf að liggja fyrir sem fyrst á íþróttahúsi (parkethúsi), Dverg og Risa og hefja vinnu við það.

Næsti fundur verður haldin upp í Kaplakrika, kl. 16:00 mánudaginn 24. september 2018. Á dagskrá þess fundar er vettvangsskoðun í Kaplakrika.

Íþróttafulltrúi vék af fundi kl. 12:13

Helga Stefánsdóttir vék af fundi kl. 12:35

Fundi slitið kl. 12:45

Orri Björnsson
Sveinn Reynisson
Ásmundur Ingvarsson
Viðar Halldórsson
Valdimar Svavarsson